



Félaga eldri borgara Selfossi
Grænumörk 5, 800 Selfossi

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar
Gísli Halldór Halldórsson
Austurvegi 2, Selfossi


Selfossi 4. júní 2021

Kæri Gísli Halldór, hjálagt með bréfi þessu er ályktun Félags eldri borgara á Selfossi sem samþykkt var á aðalfundi félagsins fimmtudaginn 3. júní 2021. Þess er farið á leit að ályktuninni verði komið í farveg til Bæjarstjórnar Árborgar.

Ég vil nota þetta tækifæri til að koma á framfæri, fyrir hönd stjórnar FEB Selfossi, þakklæti til bæjarstjórnar, yfirstjórnar, starfsfólks félagsþjónustunnar og allra þeirra sem hafa komið að þeim málefnum sem að eldra fólki snýr. Við munum hvetja ykkur áfram til að framfylgja þeim góðu stefnumálum sveitarfélagsins er varða aldraða íbúa sveitarfélagsins. Það hafa verið stigin mörg framfaraskref undanfarinn áratug. Sérstaklega er ánægjulegt að verða vitni að metnaðarfullu átaki í lýðheilsu – og heilsuefningu sem nú er verið að vinna að.

Með kærri kveðju!

F.h. FEB Selfossi


Þorgrímur Óli Sigurðsson
formaður FEB Selfossi

ÁRBORG	
Bnrnr: 02.69	Mótt: 04-06.21
Ábmr: GHH	Mnr: 2106118



B.t. Bæjarstjórnar Árborgar
Austurvegi 2, Selfossi

Selfossi 4. júní 2021


Ályktun aðalfundar Félags eldri borgara Selfossi haldinn 3. júní 2021.

Félag eldri borgara Selfossi hvetur bæjarstjórn Árborgar til að virkja betur öldungaráð sveitarfélagsins.

Minnt er á það mikilvæga hlutverk ráðsins sem tilgreint er í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 með áorðnum breytingum með lögum nr. 37/2018. Öldungaráð skal fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu. Það á að gera tillögur til sveitastjórna um öldrunarþjónustu. Það skal leitast við að tryggja að aldraðir fái þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.

Af þessum skyldum er ljóst að virkja þarf öldungaráð strax til þeirra verka sem því er ætlað. Setja þarf ráðinu erindisbréf og kalla það saman eins oft og þurfa þykir að lágmarki fjórum sinnum á ári. Engan veginn má gefa afslátt af því tækifæri sem eldra fólki er gefið til að eiga rödd og hafa áhrif á skipulag og stefnumótun í málefnum aldraðra í Árborg.

Fyrir hönd
Félags eldri borgara á Selfossi


Þorgrímur Óli Sigurðsson
formaður FEB Selfossi